



Reykjanesbær, 25. janúar 2022

157. fundur íþróttá- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á TEAMS  
þriðjudaginn 25. janúar 2022 kl. 16.30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Jón Haukur Hafsteinsson og Alexander Ragnarsson.

Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómsundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Fundargerð

\*\*\*\*\*

#### 1. Erindi frá Siglingafélaginu Knörr (2021120233)

Ögmundur Erlendsson frá Siglingafélaginu Knörr fylgdi úr hlaði erindi félagsins um kaup á húsnæði fyrir starfsemi félagsins.

Íþróttá- og tómsundaráð vísaði erindi félagsins sem tekið var fyrir á 153. fundi ráðsins þann 28. september sl. til vinnu við fjárhagsáætlun íþróttá- og tómsundasviðs fyrir árið 2022. Nú er ljóst að fjármagn er til staðar. Íþróttá- og tómsundaráð samþykkir kaupin.

Íþróttá- og tómsundafulltrúa falið að vinna málið áfram.

#### 2. Erindi stjórna körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur (2022010445)

Kristín Örlygsdóttir, Guðmundur Helgi Albertsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Vala Rún Vilhjálmisdóttir frá UMFN og Kristján Helgi Jóhannsson, Ólafur Örvar Ólafsson, Gulla Olsen og Einar Haraldsson frá Keflavík íþróttá- og ungmennafélagi kynntu slæman fjárhag deildanna sökum mikils tekjufalls vegna Covid 19. Meðal tekjuleiða sem legið hafa niðri eru t.d. engin þorablót, bingó, steikar-, herra- og konukvöld og svona mætti lengi telja. Að auki hafa liðin þurft að leika annað hvort með skertum áhorfendafjölda eða jafnvel fyrir luktum dyrum.

Íþróttá- og tómsundaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og telur afar mikilvægt að körfuknattleiksdeildunum verði bætt upp tekjufallið eins vel og möguleiki er á.

Að auki vill íþróttá- og tómsundaráð þakka íþróttá- og tómsundahreyfingunni fyrir vel unnin störf á erfiðum tímum.



### **3. Niðurstöður hvatagreiðslna 2021 (2021120234)**

Íþróttá- og tómslundafulltrúi fór yfir nýtingu á hvatagreiðslum í Reykjanesbæ fyrir árið 2021. Alls nýttu 1.902 börn sér hvatagreiðslurnar sem er 56,7% af heildarfjölda barna 6 – 18 ára í Reykjanesbæ. Nýtingin hefur aukist um 6% frá 2019. Bæjaryfirvöld hækkuðu greiðslurnar í 45.000 kr. 1. janúar sl.

### **4. Samningur við ÍRB 2022 (2022010214)**

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

### **5. Ársskýrsla KFUM og KFUK (2021100301)**

Ársskýrsla KFUM og KFUK lögð fram.

Íþróttá- og tómslundaráð þakkar greinargóða skýrslu.

### **6. Umsókn Stapaskóla í forvarnarsjóð (2022010429)**

Umsókn Gróu Axelsdóttur skólastjóra Stapaskóla í forvarnarsjóð. Um er að ræða fyrirlestur fyrir starfsfólk Stapaskóla sem snýr að því að draga úr og/eða koma í veg fyrir líkamleg álagseinkenni o.fl.

Jón Haukur Hafsteinsson lýsir sig vanhæfan.

Íþróttá- og tómslundaráð samþykkir umsóknina.

### **7. Samstarfssamningur við Keflavík 2022 (2022010440)**

Samstarfssamningur við Keflavík íþróttá- og ungmennafélag lagður fram og samþykktur.

### **8. Samstarfssamningur við Ungmennafélag Njarðvíkur (2022010442)**

Samstarfssamningur við Ungmennafélag Njarðvíkur lagður fram og samþykktur.

### **9. Samningur við knattspyrnudeild Keflavíkur um rekstur og umhirðu knattspyrnusvæða 2022 (2022010443)**

Samningur við knattspyrnudeild Keflavíkur um rekstur og umhirðu knattspyrnusvæða 2022 lagður fram og samþykktur.

### **10. Samningur við knattspyrnudeild UMFN um rekstur knattspyrnusvæða 2022 (2022010444)**

Samningur við knattspyrnudeild UMFN um rekstur og umhirðu knattspyrnusvæða 2022 lagður fram og samþykktur.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.30.